

Alþingi
Erindi nr. P 137/757
komudagur 7.9.2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. september 2009.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn.

Hjúkrunarráð vísar til bréfs nefndasviðs Alþingis, dags 30. júní sl., þar sem óskað er eftir að ráðið veiti umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn. Hjúkrunarráð fjallaði um frumvarpið á fundi sínum 11. ágúst sl. og þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Samantekt á athugasemdum hjúkrunarráðs

- Frumvarpið er háð þeim annmarka að ekki er gerður greinamunur á ábyrgð og starfs skyldum fagstétta og starfsstétta. Hjúkrunarráð telur nauðsynlegt að tryggja að aðilar með fullnægjandi menntun veiti heilbrigðisþjónustu.
- Frumvarpið gerir ráð fyrir að heilbrigðisráðherra geti afmarkað og breytt starfssviði heilbrigðisstétta, t.d. hjúkrunarfræðinga, með reglugerð. Að mati hjúkrunarráðs er nauðsynlegt að kveða á um ábyrgð og skyldur heilbrigðisstarfsmanna í lögum.
- Frumvarpið gerir ráð fyrir að hjúkrunarlög verði felld brott. Að mati hjúkrunarráðs er með þessu afnumin sú trygging að aðeins hjúkrunarfræðingar beri ábyrgð á hjúkrun. Í þessu sambandi bendir hjúkrunarráð að samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu teljast hjúkrunarfræðingar fagstjórnendur.

Hér að neðan er rökstuðningur fyrir athugasemdum hjúkrunarráðs um einstök ákvæði frumvarpsins.

Í 4. gr. er fjallað um rétt til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar skv. 3. gr. og starfa sem slíkur hér á landi. Í hjúkrunarlögunum nr. 1974/8 er kveðið á um að ekki megi ráða aðra en hjúkrunarfræðinga til sjálfstæðra hjúkrunarstarfa. Samkvæmt 5. gr. laga um sjúkraliða nr. 1984/58 starfa sjúkraliðar á hjúkrunarsviði og vinna undir stjórn hjúkrunarfræðings og bera ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum. Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að hvort tveggja

HJÚKRUNARRÁÐ LANDSPÍTALANS

Eiríksgata 19 • 101 Reykjavík • Sími 543 1422 • Netfang: hjukrunarrad@landspitali.is • www.landspitali.is

hjúkrunarlög og lög um sjúkraliða verði felld brott telur hjúkrunarráð það vera óljóst í lögnum hver beri ábyrgð á hjúkrunarstörfum á viðkomandi stofnunum hverju sinni. Ábyrgðarsvið allra starfsmanna þurfa að vera skýr og þá verður að gera greinamun á fagstéttum og starfsstéttum þegar kemur að ábyrgð og stjórnun.

Hjúkrunarráð lýsir áhyggjum sínum yfir því að samkvæmt 1. mgr. 5. gr. virðist ráðherra hafa heimild, með reglugerð, til þess að skilgreina starfsvið og afmörkun viðkomandi heilbrigðisstéttar. Starfssvið hjúkrunarfræðinga er byggt á akademískum grunni, hefur langa hefð og hefur þróast í því umhverfi þar sem gerðar eru ríkar kröfur til ábyrgðarskyldu. Að mati hjúkrunarráðs hníga engin rök til þess að breyta núgildandi lagaumhverfi þannig að ráðherra geti afmarkað starfssvið einstakra fagstétta, svo sem hjúkrunarfræðinga, í reglugerð. Að mati ráðsins er nauðsynlegt að kveða á um ábyrgð og starfssvið fag- og starfsstétta í lögum. Verði frumvarpið að lögum er ráðherra veitt heimild til að ákveða að ábyrgðaraðili á hjúkrun sé ekki í öllum tilvikum hjúkrunarfræðingur.

Í 5. gr. um veitingu starfsleyfis kemur fram að heimilt sé að gera kröfu um íslenskukunnáttu og þekkingu á íslenskri heilbrigðislöggjöf. Að mati hjúkrunarráðs á íslenskukunnáttu að vera skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis innan heilbrigðiskerfinsins vegna öryggis sjúklinga enda mikilvægt að sjúklingar geti átt óhindruð tjáskipti við heilbrigðisstarfsmenn. Þá eru samskipti milli starfsmanna mikilvæg til að tryggja öryggi sjúklinga og því mikið í húfi að koma í veg fyrir allan misskilning sem gæti skapast vegna vankunnáttu á íslensku máli. Til að forðast huglægt mat á íslenskukunnáttu er mikilvægt að fram fari staðlað tungumálapróf fyrir heilbrigðisstarfsmenn. Að mati hjúkrunarráðs þarf að útfæra það í reglugerð hver annast framkvæmd og ber straum af kostnaði af slíku.

Varðandi veitingu starfsleyfa og sérfræðileyfa sbr. 6. gr. og 8. gr., telur hjúkrunarráð að það þurfi að koma skýrt fram hverjir séu umsagnaraðilar. Þá er átt við að leitað sé til sérfræðiráðs eða viðeigandi menntastofnunar hverju sinni. Þá telur hjúkrunarráð mikilvægt að áfram sé leitað til sérfræðiráðs Landlæknis, sbr. reglugerð nr. 124/2003 um veitingu sérfræðileyfa í hjúkrun og til að meta hæfni erlendra hjúkrunarfræðinga sem sækja um starfsleyfi hér á landi.

Í 10. gr. frumvarpsins er fjallað um óheimila notkun á starfsheiti. Sé heilbrigðisstarfsmanni óheimilt að veita sjúklingi meðferð eins og 1. mgr. kveður á um verður ábyrgð og starfssvið allra aðila að vera skýrt. Í þessu sambandi skal bent á að í 4. gr. hjúkrunarlaga segir að einungis hjúkrunarfræðingar megi stunda sjálfstæð hjúkrunarstörf. Að mati hjúkrunarráðs felur frumvarpið í sér heimild fyrir stjórnvöld til að ákveða að aðrir en hjúkrunarfræðingar eða þeir sem stunda hjúkrunarnám gangi í störf sem krefjast hjúkrunarfræðimenntunar. Þá telur ráðið mikilvægt að gætt sé að því að lögin gefi ekki tilefni til að of mikil ábyrgð leggist á þá sem ekki hafa nægjanlega þekkingu. Sé markmið laganna að tryggja gæði og öryggi sjúklinga er ljóst að hjúkrunarfræðingar er sá hópur heilbrigðisstarfsmanna sem á í öllum

tilvikum að bera ábyrgð á hjúkrun eininga og deilda þar sem sjúklingar dvelja. Erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að aðgengi að hjúkrunarfræðingum og hátt menntunarstig þeirra hefur veruleg áhrif á afdrif sjúklunga (Aiken og fleiri, 2002 og Needleman og fleiri, 2002).

Í 13. gr. um faglegar kröfur kemur fram í 2. mgr. að heilbrigðisstarfsmanni beri að kynna sér lög og reglugerðir sem gilda um heilbrigðisstarfmenn og heilbrigðisþjónustu á hverjum tíma. Hjúkrunarráð telur heppilegra orðalag að í stað þess að kveða á um að starfsmenn kynni sér löginn sé gert ráð fyrir að menn starfi samkvæmt þeim. Í 4. mgr. 13. gr. er fjallað um faglegar takmarkanir heilbrigðisstarfsmanna. Hjúkrunarráð fagnar þessu og telur þetta til bóta miðað við núverandi lög.

Í 16. gr. er fjallað um aðstoðarmenn og nema. Að mati hjúkrunarráðs er nauðsynlegt að fram komi hver er ábyrgur fyrir störfum aðstoðarmanna og nema. Eins og áður hefur komið fram gerir ráðið athugasemd við að ekki sé gerður greinamunur á fagstéttum og starfstéttum og á það við í þessu tilviki þegar kemur að aðstoðarmönnum.

Í 32. gr. er greint frá brottfalli gildandi laga. Enda þótt hjúkrunarráð geti fallist á að sett séu heildarlög um heilbrigðisstarfsmenn eru engin rök til að fella niður sérlög sem gilda um hjúkrunarfræðinga. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga sérstöðu hjúkrunarfræðinga sem fagstjórnendur, sbr. 10. gr. laga um heilbrigðisþjónustu og leggur ráðið því til að áfram gildi um þá sérlög.

f.h. hjúkrunarráðs Landspítalans


Bylgja Kærnested

Heimildir

Needleman J, Buerhaus P, Mattke S, Stewart M, Zelevinsky K. Nurse-staffing levels and quality of care in hospitals. *N Engl J Med* 2002; **346**: 1415–1422.

Aiken LH, Clarke SP, Sloane DM, Sochalski J, Silber JH. Hospital nurse staffing and patient mortality, nurse burnout, and job dissatisfaction. *J Am Med Assoc* 2002; **288**: 1987–1993.

HJÚKRUNARRÁÐ LANDSPÍTALANS

Eiríksgrata 19 • 101 Reykjavík • Sími 543 1422 • Netfang: hjukrunarrad@landspitali.is • www.landspitali.is